

Fundargerð 38. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Langholt, fundarherbergi á 2. hæð í VRÍI.

Tími: 10. janúar 2016 kl. 09:10

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA) Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG) og Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ).

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar.
2. Eftirfylgni málþings um örplast og litlar fráveitur.
3. Öreindaröð vorsins
4. Ofanflóðsnefnd
5. Minning um Sveinn Þórólfsson
6. Önnur mál

1. Fundargerð 37 stjórnarfundar

Samþykkt með breytingum.

2. Eftirfylgni málþinga örplast/litlar vatnsveitur. Starfshópur ráðuneytis

- a. Litlar vatnsveitu: María Jóna hefur verið tilnefnd fyrir hönd VAFRÍ í starfshóp á vegum Atvinnuvega og Nýsköpunarráðuneyti þar sem fjalla á um stöðu lítilla vatnsveitna.
- b. Örplast: Verið er að endurskoða fráveitureglugerðina. Í kjölfar hennar mun VAFRÍ og Samorka kalla saman starfshóp sem mun gera sameiginlega tillögu til Umhverfis og Auðlindaráðuneytis til að fara yfir örplast mál frá A til Ö. Stefnt er að því að gefa út rit með samantekt úr málþinginu.

3. Öreindaröð vorsins

Ákveðið var að senda út póst á félagsmenn þar sem óskað er eftir framlagi og hugmyndum af örerindum frá félagsmönnum. Hugsanleg erindi vera rædd.

4. Ofanflóðs nefnd

Forsaga málsins er þessi: Í lok árs 2014 hélt Vatns- og fráveitufélagið fund sem bar heitið „fram tíð hönnunarregnskúra á Íslandi“ með sérfræðingum frá rannsóknastofnunum og verkfræðistofum. Jónas Elíasson kynnti fyrri rannsóknir og M5 hönnunaraðferðina. Fundurinn ræddi mikilvægi að koma ofanflóðsmálum í betri farveg. Skilningur á snörpum rigningaskúrum á Íslandi er takmörkuð. Niðurstaða fundar var að stofnað skyldi til ofanflóðsnefndar, sem hefði m.a. það hlutverk að skilgreina verkefnið og finna fjármagn. Hugmyndin er að sækja um pening fyrir doktorsverkefni tengd sviðinu en hefur ekki tekist að finna fjármagn. HÓA var falið að funda með rannsakendum innan Háskóla Íslands og ræða hvernig best væri að koma verkefninu í farveg.

5. Minning um Sveinn Þórólfsson

Umræður sköpuðust um hvernig VAFRÍ geta heiðrað minningu Sveins Þórólfssonar upphafsmanns VAFRÍ. Ákveðið var að hitta kollega og fjölskyldu á hugarflugsfundi.

6. Önnur mál

Endurbætur á vefsíðu VAFRÍ voru kynntar

Fundi var slitið kl. 10:45.

Fundarritari: Arndís Ósk Ólafsdóttir, arndisoo@veitur.is